



Óðinn og Anna ásamt fulltrúum Leonardo.

Fulltrúar frá Leonardo í heimsókn

Föstudaginn 19. desember heimsóttu fulltrúar Landsskrifstofu Leonardó okkur í framhaldi af verkefni sem Klúbburinn Geysir fékk úthlutað árið 2002. Styrkurinn var notaður til að fara á Evrópuráðstefnu Fountain house í Skotlandi auk þess sem skoðuð voru tvö klúbbhús þar. Tveir starfsmenn og þrír félagar fóru í ferðina.

Ráðning fjórða starfsmannsins

Klúbburinn Geysir hefur nú fjárhagslegt bolmagn til þess að ráða fjórða launaða starfsmanninn. Ef tekið er mið af aukinni starfsemi klúbbsins og fjölgun félaga er það lífsspursmál fyrir klúbbinn að fá auknar tekjur til þess að geta sinnt þeim skyldum og markmiðum sem við verðum að vinna eftir. Á nýju ári er ætlunin að auka RTR störf á almennum vinnumarkaði. Við áætluðum að nýr starfsmaður verði kominn til starfa um mánaðarmótin janúar - febrúar.

Litlu jólin í Geysi



Jólapakkanna er alltaf beðið með mikilli óþreyju.

Litlu jól Klúbbsins Geysis voru haldin 22. desember. Um 30 manns gæddu sér á hangikjöti og laufabrauði. Þegar fólk var búið sprengja sig út af mat voru lesin upp þau fjölmörgu jólakort sem klúbbnum bást. Ally las þau upp og notaði til þess nýja hljóðkerfið okkar. Að lokum var útdeilt pökkum sem félagar og starfsfólk gáfu hver öðrum. Allir voru sammála um að þetta hefði verið notaleg stund.

Nemi kemur í verknám

Ágúst Geir sem er nemi á Félagsliðabraut í Borgarholtsskóla kemur í verknám 5. janúar og verður út febrúar. Við hlökkum til að starfa með honum og vonum að reynsla hans hér verði lærdómsrík.

Glæsilegt jólahlaðborð



Hið árlega jólahlaðborð var haldið 5 desember. Alls mættu um 100 manns og góður rómur gerður af matnum, en eldhúshópurinn hafði staðið í ströngu í langan tíma við undirbúning. Það sem er svo skemmtilegast við veislurnar okkar er þegar aðstendur og vinir gleðjast með okkur.

Upp kom hugmynd um að selja matarmiða sem happdrættismiða og voru margir flottir vinningar í boði s.s jólaklipping, út að borða fyrir tvo, geisladiskar og fleira. Félagar lögðu á sig mikla og óeigingjarna vinnu við að útvega vinninga. Þorkell félagi okkar



spilaði fyrir okkur á harmonikku og gerði það mikla lukku og tóku nokkrir sporið! Nýja hljóðkerfi var tekið í gagnið svo og hljómborðið sem keypt var fyrir vinnuna á Kópavogshæli.

Styrkir í desember



Halldór tekur við styrknum úr höndum Eiríks Jónssonar formanns Félags íslenskra skipstjórnarmanna.

Í desember fékk Klúbburinn Geysir styrki frá þremur aðilum. Þeir voru Austurbakki, Félag íslenskra skipstjórnarmanna og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Styrkirnir eru til styrktar starfseminni og erum við afar þakklát fyrir þá.